

**BORGARRÁÐ 16. febrúar 2023: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks Fólksins um breytingar á hlutverki Borgarskjalasafns - þON23010028**

Flokkur fólksins leggur til að allar skjalaeininger Reykjavíkurborgar ásamt gagnapjónustu verði færðar undir Borgarskjalasafn. Með því er allri skjala- og gagnavinnslu Reykjavíkurborgar ásamt innleiðingu upplýsingastjórnunarkerfa, komið á einn stað sem auðveldar heildaryfirsýn allra skjalamála borgarinnar. Borgarskjalasafn er kjölfestan í skjalamálum borgarinnar og starfar samkv. lögum nr. 77/2014 og heldur safnið úti öflugri starfsemi. Borgarskjalasafni er best treyst til að vera yfirstofnun annarra skjalavörslusafna í borginni. Borgarskjalasafn er komið á fulla ferð í stafrænni umbreytingu, til að uppfylla breyttar áherslur í rafrænni skjalastjórn. Safnið hefur staðið sig með þeim bestu innan borgarinnar að ganga inn í stafræna umbreytingu. Eðlilegt er því að Borgarskjalasafn hafi umsjón með skjalavörslu borgarinnar.

**Greinargerð:**

Á Borgarskjalasafni starfa sérfræðingar á sínu sviði, svo sem lögfræði, skjalfræði, safnfræði, sagnfræðingar, kerfisfræði og miðlun. Þrátt fyrir að hafa verið fjárvelt lengi, heldur safnið úti öflugri starfsemi og er leiðandi hjá héraðsskjalasöfnum. Það hefur birt á þriðja hundrað síðna af skjölum á vefsíðu sinni, sem nú er unnið að því að endurgera. Unnið hefur verið að undirbúningi að sameiginlegt húsnæði með Þjóðskjalasafni en bæði söfnin yrðu áfram sjálfstæð. Unnar hafa verið húsnæðisgreiningar og mannaflabörf fyrir næstu 30 árin til að dreifa kostnaði.